

Fréttabréf AFLs

1. tbl. 2023

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



Verkfallsátök – hvar stöndum við?

Lokun orlofsíbúða AFLs?

Þegar þetta er ritað er mikil óvissa um stöðu atkvæðagreiðslu Eflingar um verkfallsboðun á sjö hótélum í Reykjavík. „Miðlunartillaga“ sáttasemjara hefur hleypt málum í mikla óvissu og ágreiningur um réttmæti hennar setur atkvæðagreiðslu um tillögunu í uppnám.

Engu að síður lýkur atkvæðagreiðslu Eflingar um verkfallsboðun núna í vikunni og félagsmenn AFLs þurfa að vita hvaða áhrif verkfallsboðunin getur haft.

Starfsmenn Íslandshótela fara nokkuð á milli hótela en eru ekki aðgreindir á skilgreiningum til stéttarféлага, þannig að AFLi er ómögulegt að vita hvort einhverjir

félagsmenn AFLs eru nú við vinnu á þessum hótélum. Ef svo er – eiga viðkomandi starfsmenn að leggja niður vinnu með Eflingarfélögum – komi verkfall til framkvæmda.

Þeir félagsmenn AFLs sem þannig leggja niður vinnu – geta síðan sótt um verkfallsbætur til AFLs.

Við munum senda erindi á alla starfsmenn Íslandshótela sem eru í AFLi og vekja athygli þeirra á þessu. Jafnframt munum við beina því til þeirra að félagsmenn AFLs gangi ekki í störf félaga okkar í Eflingu sem leggja niður störf.

Ef átök Eflingar og SA harðna svo í kjölfarið og boðað verður til umfangsmeiri verkfalla, þ.m.t. starfsmanna við almenna ræstingu – verður íbúðum AFLs við Stakkholt

lokað. Þeir félagsmenn sem eru í íbúðum þegar verkfall skellur á – verður leyft að ljúka dvöl sinni þar, en leigur sem hefjast eftir að verkfall hefst, verða felldar niður og félagsmönnum AFLs endurgreidd leigan.

Íbúðirnar munu því lokast smátt og smátt og loks verður húsinu öllu lokað á meðan verkfalli stendur.

Við beinum því líka til félagsmanna AFLs að gista ekki á einum af þessum hótélum sem fyrsta verkfallið nær til – á meðan á því stendur.

Verkfallsboðunin tekur til eftirtalinna hótela í Reykjavík

- Fosshótel Reykjavík, Þórunnartúni 1
- Hótel Grand, Sígtúni 28
- Hótel Saga, Lækjargötu 12
- Centrum Hotel, Aðalstræti 16
- Fosshótel Baron, Barónsstíg 2-4
- Fosshótel Lind, Rauðarárstíg 18
- Fosshótel Rauðará, Rauðarárstíg 37

Félagakerfi í útrás

AFL á nú í viðræðum við fjögur önnur stéttarfélög um mun nánari samvinnu og eignarhald á félagakerfi sem AFL hefur látið gera á síðustu árum, en áður var stefnt að.

Þessi hópur stéttarféлага hefur á síðustu vikum verið í viðræðum við nokkur hugbúnaðarfyrirtæki um þjónustu og stefnir að því á næstu dögum að skrifa undir rammisamning sem gefur þessum félögum góð kjör á áskrift að bókahaldskerfi og á hýsingu á félagakerfi.

Í augnablikinu eru tvö félög í innleiðingarferli í félagakerfið og enn eitt biður með gögn sín tilbúin og mun hefja innleiðingu eftir fáar vikur. Fyrir er Verkalýðsfélagið Hlíf sem hóf notkun á félagakerfi AFLs um mitt síðasta ár.

Félagakerfi AFLs fékk nafnið Tótal og er í eigu hlutafélags sem AFL Starfsgreinafélag á að fullu. Viðræður standa yfir við þessi félög um kaup þeirra á hluta í umræddu hlutafélagi þannig að kerfið verði í dreifðu eignarhaldi og samhliða því vinna félögin að gerð samstarfssamnings um rekstur kerfisins og framtíðarþróun þess.

| Íðun | Málmátt. | Orlofsgr. | Átt | Út | Greitt | Ískah. átt | Ískah. þann | Endargr. |
|-------|------------|----------------------|-------------------|-------------------|------------|------------|-------------------|----------|
| 36254 | 29.12.1973 | Staðn. 3. Búð 204200 | 09.jún.2019.15:00 | 09.jún.2019.15:00 | 0kr. | 0 | 23.jún.2020.2022 | 0 |
| 37113 | 2009432 | Staðn. 3. Búð 204200 | 05.04.2020.15:00 | 09.04.2020.15:00 | 15.955 kr. | 0 | 0 | 0 |
| 34190 | 2005376 | Staðn. 3. Búð 401300 | 05.jún.2019.15:00 | 05.jún.2019.15:00 | 3.003 kr. | Gunnar | 14.jún.2019.15:00 | 0 |
| 33784 | 1912281 | Staðn. 3. Búð 206200 | 12.jún.2019.15:00 | 15.jún.2019.15:00 | 15.489 kr. | Ljón | 26.06.2019.15:00 | 0 |
| 31620 | 1908123 | Staðn. 3. Búð 401300 | 05.jún.2019.15:00 | 07.jún.2019.15:00 | 3.000 kr. | Ljón | 06.06.2019.15:00 | 0 |
| 31724 | 1607158 | Staðn. 3. Búð 401300 | 21.06.2019.15:00 | 24.06.2019.15:00 | 17.428 kr. | Ljón | 22.06.2019.09:40 | 0 |
| 29158 | 0000000 | Staðn. 3. Búð 401300 | 03.jún.2019.15:00 | 03.jún.2019.15:00 | 0 kr. | 0 | 21.06.2019.09:00 | 0 |
| 20992 | 1813272 | Staðn. 3. Búð 302300 | 17.06.2018.15:00 | 19.06.2018.15:00 | 11.002 kr. | Ljón | 29.06.2018.09:38 | 0 |
| 20584 | 0000000 | Staðn. 3. Búð 100300 | 13.06.2018.15:00 | 14.06.2018.15:00 | 0.376 kr. | 0 | 12.06.2018.18:54 | 0 |
| 16430 | 0000000 | Staðn. 3. Búð 200300 | 20.jún.2017.15:00 | 21.jún.2017.15:00 | 7.877 kr. | Ljón | 18.06.2017.09:43 | 0 |
| 16331 | 0000000 | Staðn. 3. Búð 400300 | 21.mai.2017.15:00 | 22.mai.2017.15:00 | 7.877 kr. | Sigurbjörg | 10.mai.2017.14:43 | 0 |
| 16001 | 0000000 | Staðn. 3. Búð 204200 | 14.mai.2017.15:00 | 15.mai.2017.15:00 | 7.877 kr. | 0 | 10.05.2017.19:25 | 0 |

Skjáskot úr félagakerfinu Tótal sem vakið hefur mikla athygli annarra íslenskra verkalýðsféлага.

Af stöðu kjaraviðræðna

Vinna vegna kjarasamninga við Samband Sveitarféлага og við Fjármálaráðuneytið v. ríkisstarfsmanna er hafin á vettvangi Starfsgreinasambandsins AFL Starfsgreinafélag stóð fyrir viðhorfskönnun meðal félagsmanna um áhersluatriði í þessum kjaraviðræðum og eru niðurstöðurnar meðal þess sem til umræðu er.

Þá eru þegar hafnar viðræður á milli Samtaka atvinnulífsins

og Starfsgreinasambandsins vegna næsta kjarasamnings, en samningurinn sem undirritaður var í desember gildir í 13 mánuði og rennur út í lok janúar 2024.

Kjaradeila sjómanna hefur verið í kyrrstöðu en á síðustu dögum hefur orðið hreyfing á málum og hyllir í að unnt verði að kynna samningsdrög. Sjómenn í AFLi skýrðu viðhorf sitt mjög afgerandi í haust í viðhorfskönnun, þar sem 73% þátttakenda lýsti sig fylgjandi verkfallsboðun. Kjörsofn var 38%.

Því miður virðast aðrir félagar okkar innan Sjómannasambandsins ekki vera á sömu skoðun og verkfallsboðun virðist ekki vera í sjónmáli.

Viðræður AFLs og Rafiðnaðarsambandsins við ALCOA um endurnýjun kjarasamnings standa yfir.

Vinnustaðasamningar starfsmanna undirverttaka á álverslöß hafa ekki verið endurnýjaðir eða endurskoðaðir frá 2015 og hefur reynst þungt að fá viðræður

við fyrirtækin eða Samtök Atvinnulífsins.

Launahækkanir til starfsmanna undirverttaka koma með tengingu við almenna kjarasamninga, en ennþá er ósamið um t.d. vinnutímastýttingu og önnur hagsmunamál – en meginmarkmið vinnustaðasamninganna var að tryggja starfsmönnum undirverttaka sambærileg kjör.

Félagsfólk AFLs ánægðara með sín kjör

Ánægja félagsfólks í AFLi gagnvart launum hefur aukist allra síðustu ár, miðað við niðurstöður árlegrar kjarakönnunar félagsins sem gerð var í haust. Vinnutími hefur styst um tvær stundir frá 2018. Vísendingar eru um vaxandi streitu.

„Fólk er í heildina ánægðara með laun síðustu tvö ár, miðað við árin þar á undan og almennt sýnir könnunin býsna góða stöðu félagsfólks í AFLi,“ segir Tómas Bjarnason, sviðsstjóri hjá Gallup, um helstu niðurstöður nýjustu kjarakönnunar AFLs. Samkvæmt henni eru 45% svarenda sátt við laun sín en hlutfallið var 41% árið 2018.

Um skýringar á ánægjunni bendir Tómas á að laun séu að hækka, meðalheildarlaun voru 740 þúsund í september í fyrra en 697 þúsund í september 2021. „Þróun launa hjá AFLi hefur verið jákvæð. Launin hækka um 6% frá í fyrra og dagvinnulaun um 13%. Það eru líka fleiri sem fá yfirvinnugreiðslur, voru 55% í ár, en 48% í fyrra. Við sjáum líka að atvinnustaðan er góð og sem betur fer fáir atvinnulausir,“ segir hann.

Vinnuvikan styst um tvo tíma

Önnur skýring á aukinni ánægju með starfskjörin er að í fyrsta sinn mælist stytting vinnutíma hjá AFLi. Vinnustundunum fækkað að meðaltali um tvær á viku, samanborið við 2018. Félagar í AFLi sögðust hafa unnið að meðaltali 48 tíma á viku í september 2018 en 46 tíma á viku nú í haust. Tómas segir að í gögnum Hagstofu Íslands sjáist aukning vinnutíma á milli árána 2021 og 2022 á þriðja ársfjórðungi hjá fólki utan höfuðborgarsvæðisins, sem sé ekki óeðlilegt þegar uppgangur sé í efnahagslífinu. Þessi aukning komi hvorki fram í landsmeðaltali né könnun AFLs.

„Vinnutíminn hefur haldist nokkuð stöðugur hjá AFLi og stytting vinnutíma hefur ekki komið fram fyrr en núna. Ég held að aukin ánægja með launin sé sambland af kjarabótum og styttingu vinnutíma. Styttingin er í raun kjarabót þar sem laun á hverja vinnustund hækka. Stytting vinnutímans yfir höfuð sést líka greinilega í gögnum Hagstofunnar. Þar hefur vinnustundum í fullu starfi fækkað um næstum fjórar stundir á viku á milli 2019 og 2022, á þriðja ársfjórðungi.“

Vísendingar um álag

Tómas segir rannsakendur Gallup, og fleiri sérfræðinga, um nokkurt skeið hafa haft áhyggjur af vaxandi vanlíðan sem komi fram í svörum fólks í könnunum. „Gallup gaf út skýrslu árið 2021 þar sem megin niðurstaðan var að neikvæðar tilfinningar og streita hefðu aldrei mælst hærra en 2020, eftir að hafa vaxið ár frá ári,“ segir Tómas. „Í könnuninni núna, 2022, má sjá meiri merki streitu miðað við könnunina 2018. Fleiri segjast eiga erfitt með að hætta að hugsa um vinnuna, þannig að það hafi neikvæð áhrif á frítíma eða einkalíf og fleiri segjast hafa áhyggjur af því að upp komi vandamál í vinnunni sem ekki sé hægt að leysa.“

Þetta eru vísendingar um að fólk ráði af einhverjum ástæðum verr við álagið. Þetta sama mynstur birtist í mörgum könnunum sem við höfum gert í gegnum árin. Þessi þróun var farin að sjást fyrir COVID-faraldurinn og hann hjálpaði ekki. Þetta mynstur kemur fram þrátt fyrir styttingu vinnutímans þannig að það er spurning hver orsök er, hvort þessi þróun tengist samfélaginu á einhvern hátt, tækninni sem við notum, hvernig við vinnum vinnuna okkar eða hvort skýringarnar séu í öllu þessu.“

Minni fjárhagsáhyggjur en fyrir faraldur

Þrátt fyrir verðbólgu og dyrtið er ekki að sjá að fjárhagsáhyggjur aukist að ráði í könnun AFLs. Almennar áhyggjur af fjárhag aukast lítillega og hlutfall fólks sem frestar heilbrigðisþjónustu vegna kostnaðar er svipað.

„Við höfum í öðrum könnunum séð vaxandi fjárhagsáhyggjur sem við rekjum til verðbólgunnar. Hjá AFLi eru færri sem segjast vera í vanskilum síðustu tvö ár, 2021 og 2022, miðað við árin tvö þar á undan 2019 og 2020. Það hefði ekki komið á óvart að sjá þá tölu hækka aðeins, en breytingin er mjög lítil og innan skekkjumarka frá síðustu könnun.“

Stuðningur við verkalyðshreyfinguna

Þá birtist í könnunni ánægja með AFL, 75% segjast sátt við félagið, en aðeins 4% ósátt. „Breytingarnar á milli ára eru litlar, en til lengri tíma hefur AFL sótt í sig veðrið og stendur vel miðað við önnur verkalyðsfélög,“ segir Tómas og bætir við að fólk telji verkalyðshreyfinguna skipta máli, um það séu 88% svarenda könnunarinnar

sammála. „Við tölum um að það sé mikil einstaklingshyggja og fólk vilji ráða sér sjálft á vinnumarkaði, en þarna sést mikill stuðningur við hreyfinguna, líka meðal

ungs fólks. En við Íslendingar eigum líka heimsmetið í aðild að verkalyðsfélögum.“

Hvernig er könnunin gerð?

Úrtakið fyrir könnunina er gert þannig að starfsmenn AFLs vinna skrá með öllum félagsmönnum sem greitt hafa lágmarksiðgjald á síðustu 6 mánuðum. Þessi skrá er síðan send á Gallup – þannig að gætt er fyllsta öryggis og persónuverndar. Gallup notar síðan viðurkennda aðferð við að draga 1.500 kennitölur úr skránni og eyðir síðan upphaflegu skránni.

Þessir 1.500 félagsmenn fá síðan bréf frá AFLi og Gallup og því er síðan fylgt eftir með nokkrum smáskilaboðum, tölvupóstum og símtölum. Könnunin var opin frá 14. október til 28. nóvember 2022.

Það verða strax nokkur afföll á úrtakinu – sumir finnast ekki, aðrir eru með ógild netföng og búnir að skipta um símanúmer. Þannig fengust engin viðbrögð frá 811 manns í úrtakinu en 650 félagar svörðu eða 43,3% sem er ámóta og síðustu ár.


Facebook ber höfuð og herðar yfir aðra

Facebook er sá samfélagsmiðill sem nýtur mestra vinsælda meðal félagsfólks AFLs, miðað við nýafstaðna launakönnun félagsins.

Þar segjast 89% aðspurða nota Facebook vikulega. Þar á eftir kemur Instagram með 55%, Snapchat 49% og 17% TikTok. Álíka margir nota Twitter og Pinterest, rúm 8% og 1% nota LinkedIn.

Ekki kemur á óvart að samfélagsmiðlanotkunin sé mismunandi á milli aldurshópa. Facebook-notkunin er nokkuð jöfn en miðlanotkunin er áberandi mest á meðal 18-24 ára. Þar eru til að mynda 80% með Instagram og 60% með TikTok. Samfélagsmiðlanotkun kvenna er almennt meiri en karla, einkum á myndmiðlum. 64% kvenna nota Instagram samanborið við 47% karla og Pinterest-notkun þeirra er 15% á móti 3%. Karlarnir eru hins vegar frekar á Twitter, 11% á móti 5%.

Almennt er lítill munur á Facebook-notkun eftir þeim hópum sem niðurstöður könnunarinnar eru greindar eftir. Starfsfólk í ræstingum,



mötuneytum og sölu eða afgreiðslu er síst á Snapchat en afgreiðslufólki deilir áhuga á Pinterest með fólki úr umönnunargeiranum.

Hornfirðingar mestu grammararnir

En bakgrunnsbreytur Austfirðinga verða ekki greindar án þess að horfa til munar á milli byggðarlaga. Þar kemur í ljós að Vopnfirðingar eru latastir á samfélagsmiðlunum, aðeins 82% þeirra nota Facebook vikulega og almennt er hlutfallið lægst þar. Aðeins Reyðfirðingar ná einu sinni lægra hlutfalli, á báðum stöðum er Snapchat notkunin um 40%.

Norðfirðingar eru duglegastir á Snapchat, 60% stunda það vikulega en Hornfirðingar eru virkastir á Instagram með 60%.

Afar skiptar skoðanir um verkföll

Rúmur helmingur félagsfólks AFLs Starfsgreinafélags er tilbúinn að fara í verkfall til að knýja á um bætt kjör. Þetta kemur fram í nýjustu kjarakönnun félagsins.

Stærsti einstaki hópurinn sem svarar segir öruggt að hann sé til í verkfall. Þessi hópur er þó ekki nema 18%, sem gefur til kynna hversu dreifð svörin eru. Alls segjast 51,4% líkleg til að taka þátt í verkfalli. Stór hópur, 17,6%, er óákveðinn en 31% telja ólíklegt að þau færu í verkfall. Minnsti hópurinn kveðst alls ekki tilbúinn í verkfall eða 8,9%.

Þessarar spurningar var einnig spurt í kjarakönnun árið 2018. Þá voru fleiri tilbúin í verkfall eða 62,5% en 21,5% vildu ekki taka þátt í því.

Mikill stuðningur á meðal sjómanna

Við nánari greiningu svaranna vekur athygli að fólk með lægri tekjur er ólíklegra til að vilja leggja niður störf heldur en það sem er með hærri tekjur. Af svarendum með innan við 400 þúsund krónur í mánaðarlaun sögðust 40% tilbúin í verkfall, 40% ekki og 20% hvorki né. Meðal fólks með 400-550 þúsund í mánaðarlaun sögðust 62% tilbúin í verkfall en 22% ekki og af þeim sem voru með meira en 550 þúsund voru 55% tilbúin í verkfall en 28% ekki.

Munur er á stuðningi við verkfall eftir menntun. Fólk með grunnskólapróf er öruggast á stuðningi sínum, 25% eru tilbúin í verkfall. Áhugavert er þó að það er sá ekki hópur sem heilt yfir gefur sig út fyrir að vera líklegastan til aðgerða, heldur er það fólk sem lokið hefur framhaldsskólaprófi, þar segjast 58% líkleg til að leggja niður vinnu.

Sjómenn eru ákveðnastir í stuðningi við verkfall, 30% þeirra sögðust öruggir í það og önnur 26% mjög líklegir. Alls voru þar með 60% þeirra líklegir til að leggja niður vinnu ef á þyrfti að halda. Heildarhlutfallið meðal fólks í mótuneytum, ræstingum og almennum verkastörfum var reyndar hærra, 61%, en þar voru færri örugg um afstöðu sína. Þá taldi 59% starfsfólks í umönnunarstörfum líklegt að það færi í verkfall. Lægst var hlutfallið meðal sérfræðinga og verkstjóra, 40% þeirra voru tilbúin í verkfall.

Stuðningur við verkfallsaðgerðir er heldur meiri meðal karla en kvenna, 54% á móti 48%. Þá er munur eftir byggðarlögum þar sem tveir þriðju þeirra sem búa á Stöðvarfirði, Fáskrúðsfirði og Norðfirði segjast líklega styðja verkfall. Sé horft til aldurs er mesti stuðningurinn meðal annars vegar 25-34 ára og 55 ára og eldri, þar er meira en helmingur tilbúinn til vinnustöðvana.

Færri til í verkfallsvörslu

Í könnuninni var einnig spurt um hvort fólk tæki þátt í atkvæðagreiðslu um verkfallsbodun. Yfir 60% sögðust líkleg til að taka þátt.

Þriðja verkfallsspurningin var hversu líklegt fólk væri til að skrá sig í verkfallsvörslu fyrir AFL ef til verkfalls kæmi. Þriðjungur svarenda kvaðst tilbúinn til þess, 19,3% - stærsti einstaki hópurinn er á báðum áttum en 47,6% töldu það ólíklegt. Fylgnin þar er að mestu leyti og sú sama þegar spurt var um verkfallið sjálft, nema að fólk í umönnunarstörfum er ólíklegt til að taka þátt í verkfallsvörslu auk þess sem aldurshópurinn 55 ára og eldri sýnir minnstan áhuga á vörslunni. Aðeins 26% þeirra sögðust líkleg til að sinna henni.

Hvað skiptir mestu máli í næstu kjarasamningum?

Í kjarakönnun AFLs var spurt út í hvað fólk myndi vilja leggja mesta áherslu á í næstu kjarasamningum. Annars vegar gagnvart stjórnvöldum, hins vegar gagnvart atvinnurekendum. Í boði var að merkja við þrjú aðalmál.

Þegar spurt var um samninga við stjórnvöld nefndu flest hækkun skattleysismarka eða persónuafsláttar eða 61%. Þar á eftir vildu 43% lækka skattprósenta og 24% að fyrstu kaup á íbúðarhúsnæði yrðu auðvelduð.

Forgangsröðunin er ójöfn eftir bakgrunni fólks. Jöfnun launa á milli kynja varð í fjórða sæti yfir heildina með 21%, en 29% kvenna merkti við það atriði, sem varð það þriðja á listanum hjá konum. En 13% karla merkti við jöfnun launa og var það því talsvert aftar á forgangslistanum hjá þeim. Hjá

fólki á aldrinum 18-24 ára voru auðveldari íbúðar kaup næst efst á lista, á eftir skattleysishlutfallinu, en hjá 55 ára og eldri er áherslan á minni tekjutengingu lífeyrisgreiðslna.

Gagnvart atvinnurekendum er mesta áherslan á aukinn kaupmátt launa sem 48% völdu, 41% merktu við styttri vinnuviku án skerðingar launa og 33% vildu geta haldið veikinda- og orlofsréttindum á milli vinnustaða í sömu starfsgrein.

Þarna var svörunin jafnari eftir bakgrunnsbreytum. Þó má nefna að yngri fólki var umhugaðra um að halda réttindum eða stytta vinnuvikuna, heldur en eldra fólki. Elsti hópurinn, 55 ára og eldri, var harðastur í þeirri afstöðu að auka kaupmátt og hækka lægstu laun. Yngri fólkið hallaði sér frekar að styttri vinnuviku, lengra sumarfrí og að halda réttindum.

Meðallaunin 740 þúsund

Meðalheildarlaun félaga í AFLi í september á síðasta ári voru 740 þúsund á mánuði, að því er fram kemur í nýjustu kjarakönnun AFLs. Í fyrra var upphæðin 697 þúsund.

Meðal þeirra sem svöruðu spurningunni, voru 48% með meira en 700 þúsund krónur á mánuði. Karlar voru með töluvert hærri tekjur en konur, 799 þúsund á móti 659 þúsundum. Aldurshópurinn

45-54 ára var með hæstu tekjurnar, 804 þúsund.

Sé horft til tekna eftir menntun, þá voru félagar með viðbót við grunnskólapróf með hæstu tekjurnar, 788 þúsund, einstaklingar sem voru aðeins með grunnskólapróf voru með 771 þúsund, fólk með háskólapróf eða viðbót við framhaldsskóla með 721 þúsund, en stúdentar með 664 þúsund.

Færri sjá brot á réttindum

Færri félagar í AFLi segjast hafa orðið varir við að brotið sé á kjarasamningsbundnum réttindum síðastliðna tólf mánuði, heldur en á sama tíma fyrir ári síðan, samkvæmt nýjustu kjarakönnun félagsins.

25% höfðu í ár orðið vör við réttindabrot, samanborið við 32% í fyrra. 79% segjast ekki hafa orðið vör við nein brot, samanborið við 74% í fyrra.

Ástæðan fyrir að heildarhlutfallið fer yfir 100% er að fólk gat bæði merkt við að brotið hefði verið á réttindum þess og líka annarra.

19% sögðust hafa orðið vör við brot á réttindum annarra, en 11% á sínum eigin. Alla jafna hefur herra hlutfall félaga orðið vör við brot á réttindum annarra, en hafa upplifað brot.

Konur virðast frekar verða vör við brot á réttindum og líklegra virðist að brotið sé á réttindum yngra fólks en eldra, miðað við nánari sundurliðun könnunarinnar. Af einstökum atvinnugreinum bendir könnunin til þess að brotið sé á réttindum skólafulltrúa eða stuðningsfulltrúa í skólum, þjálfara, fólks í sölu- og viðgerðarþjónustu og veitinga- og gistihúsarekstri.



Verkfallsverðir AFLs að störfum í verkfallinu 2015.

Ógnarstjórn í skjóli afskiptaleysis

„Opnaðu dagblað hvaða dag vikunnar sem er og þú finnur alltaf einhverja frásögn af einstaklingi sem hefur verið fangelsaður, pyntaður eða tekinn af lífi af því að skoðanir hans eða trúarbrögð voru stjórnvöldum ekki að skapi. Lesandinn fyllist skelfilegri vanmáttartilfinningu. En – ef þessi vanmáttartilfinning gæti verið sameinuð í sameiginlegt átak – gætum við mögulega náð árangri.“

Enski lögmaðurinn Peter Benenson, sem stofnaði Amnesty International, lýsti síðar í blaðagrein tildrögum þess að Amnesty International varð til með þessum orðum.

Samtökin teygja sig um heim allan og m.a. var stofnuð Íslandsdeild 1974.

Skálað fyrir frelsinu!

Amnesty hefur frá upphafi barist fyrir hvers kyns mannréttindum, en hvatinn að stofnun samtakanna var fangelsun tveggja portúgalskra námsmanna sem varð það á í gleðskap að skála fyrir frelsinu. Herforingjastjórn Salazar leit á það sem andóf og setti námsmennina í fangelsi.

Meðal fyrstu verka valdaræningja og harðstjóra er venjulega að fangelsa og ofsækja þá sem búast má við að veiti viðnám. Það fjúka auðvitað fyrst pólitískir andstæðingar og síðan blaðamenn, prestar, kennarar og síðast en ekki síst verkalýðsleiðtogar og aðrir sem virkir eru í verkalýðsfélögum. Með þessu reyna harðstjórar að fjarlægja alla þá sem búast má við að geti haft forystu og verið talsmenn hins almenna borgara og muni berjast fyrir mannvirðingu og réttindum.

Baráttu Amnesty International og annarra mannréttindasamtaka kemur því verkalýðshreyfingunni við – enda teljum við rétt okkar til að stofna og starfrækja verkalýðsfélög vera sjálfsgöð mannréttindi. Við gleymum því oft að saga verkalýðshreyfingarinnar er blóðug og víða um heim þurfti fólk – og þarf sums staðar enn – að berjast fyrir þessum sjálfsagða rétti sínum. Saga hreyfingarinnar er vörðuð af líkum þeirra sem hafa verið myrtir og ofsóttir vegna þátttöku sinnar í verkalýðshreyfingu.

Í stappi við stjórnvöld

Það hafa alltaf staðið deilur um Amnesty International og samtökin hafa oft verið harðlega gagnrýnd af stjórnvöldum og stjórnmalasamtökum – enda er tilgangur samtakanna að berjast fyrir málstað þeirra sem eru ofsóttir af stjórnvöldum.

Meðal ríkja sem hafa harðlega gagnrýnt samtökin og jafnvel bannað þau eru Ástralía, Tékkland, Kína, Kongó, Egyptaland, Indland, Íran, Ísrael, Marokkó, Katar, Sádi-Arabía, Víetnam, Rússland, Nígería og Bandaríkin – enda hafa samtökin bent á fjölmörg mannréttindabrot þessara ríkja.

Hvernig vinna samtökin?

Samtökin hafa alltaf forðast að taka afstöðu í stjórnmalum og hefur ákveðnar reglur um það hvaða einstaklingar eru skráðir sem „samviskufangar“ – þ.e. fangar sem samtökin berjast fyrir lausn með samtakamætti sínum. Þess eru dæmi um að þjóðarleiðtogar hafa fengið tugi þúsunda erinda frá

félagsmönnum Amnesty um heim allan, með beiðni um að tilteknum samviskufanga verði gefið frelsi. Það hefur ítrekað borið árangur.

Samtökin hafa þróast mjög og vaxið á þessum sextíu árum sem starfsemi þeirra hefur staðið. Amnesty hefur í dag skilgreint sex meginviðfangsefni:

1. Réttindi kvenna, barna, minnihlutahópa og frumbyggja.
2. Baráttu gegn pyndingum
3. Afnáam dauðarefsinga
4. Réttindi flóttamanna
5. Réttindi samviskufanga
6. Verndun mannlegrar reisnar.

Félagsfólk leggur sitt af mörkum

Ein ástæða þess að stjórnvöld víða um heim reyna að takmarka starfsemi samtaka á borð við Amnesty International, er að ógnarstjórn eins og annað ofbeldi þrífst best með afskiptaleysi fjöldans. Því hefur starfsemi samtaka á borð við Amnesty sem safnar upplýsingum, flokkar þær og greinir og birtir síðan án tillits til lyga stjórnvalda og blekkinga – verið helstu ógnarstjórnnum áhyggjuefni. Ekki síst þar sem með miklum þrýstingi í öðrum ríkjum hefur reynst unnt að hafa áhrif á ákvarðanir stjórnvalda eða fyrirtækja um samskipti og viðskipti við einræðisríki og ógnarstjórnir.

Íslandsdeild Amnesty er með heimasíðu www.amnesty.is og er með skrifstofu við Þingholtsstræti í Reykjavík. Á skrifstofunni eru átta stöðugildi og deildin fjármagnar sig með félagsgjöldum og frjálsum framlögum, en tekur ekki við fé frá opinberum aðilum.

AMNESTY
INTERNATIONAL



Stór hluti starfsemi Amnesty er unninn af hinum „þögla meirihluta“ félagsmanna – venjulegu fólki sem stundar vinnu sína eða nám, en leggur frístundir sínar í að aðstoða við gagnaöflun, flokkun og úrvinnslu upplýsinga, en síðast en ekki síst – með því að leggja lóð á vogarskálur baráttu fyrir frelsi einstaka samviskufanga með bréfaskriftum til stjórnvalda og stjórnmalamanna og kvenna í heimaríkjum viðkomandi fanga.



Stjórnarfolk í Íslandsdeild Amnesty International á heimsþingi samtakanna í Dublin árið 1989. Sverrir Mar Albertsson, núverandi framkvæmdastjóri AFLs er lengst til vinstri, en með honum eru Steingrímur Gautur Kristjánsson og Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, sem lengi var formaður Íslandsdeildarinnar.

Miðlunartillaga – neyðarúrræði eða stjórnvaldstæki?

Miðlunartillaga er ríkissáttasemjari setti fram í síðustu viku í deilu Eflingar við Samtök atvinnulífsins, vakti strax hörð viðbrögð helstu launþegasamtaka landsins.

Alþýðusamband Íslands ályktaði um málið og sagði m.a.: „Miðstjórn ASÍ lýsir því yfir að traust á embætti ríkissáttasemjara hefur skaðast með því að leggja fram ótímabæra miðlunartillögu í kjaradeilu Eflingar og SA. Miðstjórn telur að færa megi rök fyrir og vefengja hvort embætti sáttasemjara hafi með þessum hætti farið út fyrir þær valdheimildir sem embættinu eru settar í lögum um stéttarfélag og vinnudeilur. Framganga embættisins er atлага að sjálfstæðum samningsrétti stéttarfélaga, gengur

gegn áratuga venjum um samskipti aðila vinnumarkaðarins og skorar miðstjórn ASÍ á ríkissáttasemjara að draga hana til baka.“

Í ályktun Starfsgreinasambandsins segir m.a.: „Í ljósi umræðu um hvort ríkissáttasemjari hafi haft lagaheimild skv. 27. grein laga um stéttarfélag og vinnudeilur, telur framkvæmdastjórn SGS brýnt að dómstólar skeri úr um lögmæti miðlunartillögunnar og málið hljóti flýtimeðferð, vegna alvarleika þess.“

BHM, KÍ og BSRB sendu frá sér ályktun þar sem m.a. segir: „BHM, BSRB og KÍ gera þá sjálfsgöðu kröfu að sjálfstæður samningsréttur stéttarfélaga sé virtur. Aldrei má ganga út frá því að kjarasamningur eins stéttarfélags bindi hendur annarra stéttarfélaga eða vegi

að sjálfstæði þeirra. Hlutleysi og lagalegar forsendur þurfa að vera hafnar yfir allan vafa þegar ríkissáttasemjari ákveður að hlutast til með beinum hætti í vinnudeilur.“

Þessi samtök öll eru sammála því að til þess geti komið að miðlunartillaga eigi rétt á sér en leggja öll áherslu á að miðlunartillaga sé neyðarúrræði og segir í ályktun miðstjórnar ASÍ m.a.: „ASÍ telur heimild til að leggja fram miðlunartillögu vera neyðarúrræði sem takmarkist við að raunverulega hafi öll önnur úrræði verið tæmd og neyðarástand skapast. Viðræðum milli Eflingar stéttarfélags og SA hafi vissulega verið slit, en hins vegar standi nú yfir lýðræðisleg atkvæðagreiðsla um hvort boða skuli til verkfalls. Verkfallsboðun hafi því ekki verið samþykkt af

félagsmönnum, verkfall ekki verið boðað og ekkert neyðarástand skapast.“

Með þessari miðlunartillögu, á meðan atkvæðagreiðsla um mjög takmarkað verkfall Eflingarfélaga stóð yfir, hefur ríkissáttasemjari í raun tekið verkfallsréttinn af Eflingu. Svo ströng skilyrði eru fyrir því að miðlunartillagan sé felld, að nánast útilokað er að það gerist. Þátttaka í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga hefur verið mjög slök síðustu ár. Í atkvæðagreiðslu SGS félaga í desember var meðal kjörsókn 16,6% og aðeins þrjú félög voru með meira en 25% kjörsókn. Í atkvæðagreiðslu um miðlunartillögur þarf kjörsókn að vera yfir 20% til að eitthvað mark sé tekið á niðurstöðunni, en annars telst miðlunartillaga samþykkt.